

Húnavatnsprófastsdæmi

Árnesprestakall og Hólmavíkurprestakall sameinast. Heiti hins sameinaða prestakalls verður Hólmavíkurprestakall. Prestssetur: Hólmavík.

Skagafjarðarprófastsdæmi

Úlfsstaðir, sem nú tilheyra Miklabæjarsókn, Miklabæjarprestakalli, tilheyri Silfrastaðasókn, Miklabæjarprestakalli.

Pingeyjarprófastsdæmi

Sauðanessókn, sem tilheyrir Þórshafnarprestakalli, nefnist Þórshafnarsókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 50. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lindaprestakall stofnast 1. júlí 2002. Fram að þeim tíma nýtur Lindasókn þjónustu frá Hjallaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Sameining Árness- og Hólmavíkurprestakalls öðlast gildi við starfslok sóknarprests í Árnessprestakalli.

Gjört í Reykjavík, 1. nóvember 2001.

Jón Helgason
forseti kirkjupings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 1. nóvember 2001.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamtök Vesturlands.

1. gr.

	kr.
Sæðingagjald/skýrsluhald	1.200
Sæðingagjald án skýrsluhalds	1.600
Sæðingagjald án mjólkurinnleggs	4.200
Heimsóknargjald	600
Bókhald - grunngjald fyrir 1/2 ár	6.000
Vinna við bókhald	pr. klst. 2.750
Lambaskoðun	pr. klst. 2.000
Árgjald Betri bú	15.000
Sértækar leiðbeiningar	pr. klst. 2.750
Almennar leiðbeiningar	0

2. gr.

Sæðingagjöld verði innheimt mánaðarlega. Þeir sem sæða allar kýr og kvígur fái unna nautavalsáætlun án aukagjalds. Fyrsta búskaparár verði gjaldfrjálst í verkefninu Betri bú.

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998, ásamt síðari breytingum og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir nautgripasæðingar á svæði Búnaðarsambands Vesturlands nr. 568/1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. nóvember 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga.

1. gr.

	kr.
Sæðingargjald, aurar/ltr. greiðslumarks	5,75
Rekstrargreining	2.500,00
Rekstraráætlun	2.500,00
Önnur áætlanagerð	2.500,00
Lambaskoðun, pr. klst.	2.000,00
Búrekstartengd ráðgjöf	0,00

2. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. gr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. nóvember 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.